

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur.

2. hefti.

1993

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 141/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Daníel Birgi Ívarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér veitt frelsi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 24. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærða, Daniel Birgi Ívarssyni gæslufanga, kt. 280173-3989, til lögheimilis að Akurgerði 12, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 20. maí nk. kl. 16.00. Til stuðnings kröfunni vísaði ríkissaksóknari til ákæru, dagsettrar 19. mars sl., og gagna henni fylgjandi.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. janúar sl. var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 31. janúar sl. vegna grunar um skjalafals og þjófnað. Þá var ákærða með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi til 24. febrúar sl. vegna grunar um meinta aðild hans að broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Gæsluvarðhald yfir ákærða var framlengt með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 24. febrúar sl., og ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til síðdegis í dag kl. 16.00 með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Hinn 19. þ. m. var gefin út ákæra á hendur ákærða og meðákærða, Einari Birni Ingvasyni, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940. Er ákærða gefið að sök að hafa staðið að ráni í félagi við Einar Björn Ingvason með því að hafa 16. febrúar sl. ráðist með nælonsokka yfir höfði sér inn í söluturn við Dalbraut 1 í því skyni að taka þar fjármuni, og hafi þeir með ógnandi framkomu og ofbeldi neytt Vilborgu Sigurðardóttur afgreiðslustúlku til að opna búðarkassann og tekið úr honum um 20.000 krónur í reiðufé og 3.500 krónur í tékkum og hlaupið síðan á brott.

Enn fremur eru ákærða gefin að sök tólf brot, er varða innbrotþjófnað, skjalafals, fjársvik og ólögsmæta meðferð fundins fjár á tímabilinu frá október 1991 fram í febrúar 1992.

Ákærði hefur við rannsókn mála þessara játað að hafa staðið að framangreindum brotum. Brot þessi geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði hlaut ákærði árið 1989 skilorðsbundna frestun ákæru vegna brota á almennum hegningarlögum. Þá var ákærði 9. janúar 1990 dæmdur til þriggja mánaða skilorðsbundins fangelsis í þrjú ár.

Ákærði er heimilislaus, en hefur sagt, að hann hafi loforð um dvalarstað. Hann hefur verið atvinnulaus frá nóvember síðastliðnum og á við fíkniefnavandamál að stríða.

Eins og rakið hefur verið, hefur ákærði játað að hafa verið nokkuð sam-

felld í afbrotum í u.þ.b. hálftr átr, m.a. eftir að hafa sætt gæsluvarðhaldi í janúar sl.

Þykir dóminum vera hætta á, að ákærði haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt með vísan til 5. t. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu ríkissaksóknara til greina og ákveða, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Daníel Birgir Ívarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 20. maí nk. kl. 16.00.
